

Fundargerð

282. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs

Miðvikudaginn 11. mars 2020 kl. 09⁰⁰–10³⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) (fj.v) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Heiðrún Lind Marteinsdóttir (HLM) (fj.v.)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) (fj.v.)
Eygerður Margrétardóttir (EM)
Guðfinnur Johnsen (GJ) vm (HLM)

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt

2. Raftæki

Lögð voru fram á fundinum erindi um ósk á hækkun á endurgjaldi fyrir lítil raftæki sem og skjám.

ÍG fór yfir að töluvert verðfall var síðastliðið ár á endurvinnslumörkuðum fyrir lítil raftæki. Kostnaður vegna meðhöndlunar á skjám hefur hækkað úr um 90 evrum/tonn í 160 evrur/tonn á undanförunum misserum. Jafnframt að um síðustu áramót hækkuðu skipaflutningar vegna hækkunar á svokölluðu olúgjaldi hjá skipafélögum.

ÓK og ÍG fóru yfir kostnaðarlíkan Úrvinnslusjóðs fyrir lítil raftæki og skjái. Stjórnarmenn ræddu stöðuna á markaði. Einnig var rætt um áhrif gengisbreytingar á kostnað við meðhöndlun. Rætt var að það þyrfti að fylgjast vel með mörkuðum og stjórn upplýst með reglubundnum hætti verði verðfall eða verðhækkun.

Stjórn samþykkir hækkað endurgjald fyrir meðhöndlun á smáraftækjum í 72 kr/kg frá og með 1. janúar 2020.

Stjórn samþykkir hækkað endurgjald fyrir meðhöndlun á skjám í 97 kr/kg frá og með 1. janúar 2020.

Stjórn stefnir að, að framvegis verði afturvirkum breytingum á endurgjaldi hætt og skal miða við nýliðin mánaðarmót þess mánaðar þegar samþykkt er nýtt endurgjald.

Íris yfirgefur fund kl. 10:00.

3. Flutningsjöfnun

Lagt var fram á fundinum um hækkun á flutningsjöfnun fyrir endurvinnsluefni (pappi og plast sem safnað er í endurvinnslutunnu). Flutningsjöfnun fyrir pappa- og plastumbúðir af Vestfjörðum miðar við útflutning frá Ísafirði.

Endurvinnsluefni sem kemur úr endurvinnslutunnum hefur verið flokkað í pappa- og plastumbúðir á Ísafirði og flutt þaðan út til endurvinnslu.

Flokkun úr endurvinnslutunnum á Ísafirði hættir í næsta mánuði og því er óskað að flutningsjöfnun á Vestfjörðum taki mið að flutningi til Reykjavíkur á óflokkuðu efni þar sem það verður flokkað og sent síðan til endurvinnslu. ÓK fór yfir kostnaðarauka sjóðsins vegna flutningsjöfnunar.

Stjórn samþykkir að greiða flutningsjöfnun til Reykjavíkur fyrir umbúðir úr pappa- og plasti er safnast í endurvinnslutunnum á Vestfjörðum frá með 1. apríl 2020.

4. Viðbragðsáætlun vegna COVID 19

LHG og ÓK fóru yfir að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur óskað eftir að stofnanir ráðuneytisins gefi út viðbragðsáætlanir vegna COVID-19 og sendi til ráðuneytisins.

Viðbragðsáætlunin hefur verið send ráðuneytinu með tilkynningu um að hún verði kynnt stjórn á stjórnarfundum sem var og gert á fundinum. Stjórnarmenn ræddu framkvæmdina komi til að grípa þurfi til áætlunarinnar.

Megintilgangurinn með gerð viðbragðsáætlunar er að tryggja órofinn rekstur meðan á faraldrinum stendur. Hún miðar einnig að því að draga úr útbreiðslu og lágmarka smithættu. Stjórn felur ÓK að undirbúa að hægt sé halda fjarfundum á vegum stjórnar.

5. Rekstur sjóða Úrvinnslusjóðs

Umræðu frestað.

6. Stefnumótun

Farið var yfir á fundinum að í síðustu viku fór Guðrún Ragnarsdóttir yfir gildi sjóðsins með starfsmönnum. Niðurstaðan var að gildi sjóðsins væru – framsækni, jafnræði og samvinna. Stjórnarmenn ræddu tillögur starfsmanna að gildum sjóðsins. Sátt um gildi.

7. Önnur mál

Engin

Næsti fundur 25. mars 2020 kl. 09:00

Fundi slitið kl. 10:30